

**Fundargerð 87. fundar
Bæjarstjórnar
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,
miðvikudaginn 14. janúar 2026 , kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Jónína Magnúsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, Anton Kristinn Guðmundsson, Laufey Erlendsdóttir, Sigursveinn Bjarni Jónsson, Öundur S. Björnsson, Úrsúla María Guðjónsdóttir og Árni Gísli Árnason.

Fundargerð ritaði: Árni Gísli Árnason, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Áður en gengið var til dagskrár minntist forseti Jennýjar Kamillu Harðardóttur sem lést á mánudaginn 12. janúar sl. Jenný var formaður yfirkjörstjórnar sveitarfélagsins frá sameiningu og áður formaður kjörstjórnar Garðs frá 2014. Auka þess að vera formaður kjörstjórnar vann hún á skrifstofu Suðurnesjabæjar frá árinu 2012 þar til hún lauk störfum á sl. ári. Jenný fæddist 15 mars 1953 og var því á 73 aldurári þegar hún lést.

Bæjarstjórn færir fjölskyldu og vinum innilegar samúðarkveðjur. Fundarmenn tóku undir með forseta með því að rísa úr sætum.

1. Byggðakvóti - 2512116

Á 182. fundi bæjarráðs dags 7.1.2026 var samþykkt samhljóða að óska eftir við innviðaráðuneytið að ákvæði reglugerðar nr. 1334/2025 gildi um úthlutun byggðakvóta byggðarlagsins Garðs með breytingum skv. eftirfarandi:

a) Ákvæði 1.másl. 1.mgr. 4.gr. reglugerðar nr. 1334/2025 verði:

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3.gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1.september 2024 til 31.ágúst 2025.

b) Ákvæði 1.másl. 1.mgr. 6.gr. reglugerðar nr. 1334/2025 breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta Garðs og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1.september 2025 til 31.ágúst 2026.

Tóku til máls: AKG, MSM og EJP.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

2. Bæjarstjórn og bæjarráð - fundaaætlun - 2205102

Lagt er til að 90.fundur bæjarstjórnar fari fram miðvikudaginn 8.apríl 2026 í stað 1.apríl, eins og gert er ráð fyrir í fundaáætlun bæjarstjórnar.
Jafnframt er lagt til að fundur bæjarráðs, sem samkvæmt fundaáætlun ætti að vera 8.apríl 2026 færist aftur til 15.apríl og fundur bæjarráðs sem samkvæmt fundaáætlun ætti að vera 22.apríl fari fram þann 29.apríl 2026.

Afgreiðsla:

Breyting á fundaráætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs samþykkt samhljóða.

3. Deiliskipulag Ofan Garðvangs -Teiga- og Klapparhverfi - Endurskoðun seinni hluta hverfis - 2109110

Á 70.fundi framkvæmda- og skipulagsráðs dags. 17.12.2025 var samþykkt tillaga að endurskoðun deiliskipulags efri hluta Teiga- og Klapparhverfis og lagt til að bæjarstjórn samþykki að auglýsa og kynna tillöguna skv. 41.gr. skipulagslaga.

Tóku til máls: MSM og EJP

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að auglýsa og kynna tillögu að endurskoðun á deiliskipulagi efri hluta Teiga og Klapparhverfis. Skv. 41.gr. skipulagslaga.

4. Bali, Stafnesi - Tillaga að deiliskipulagi - 2512082

Á 70. fundi framkvæmda- og skipulagsráðs dags. 17.12.2025 var tillaga að deiliskipulagi Bala, Stafnes samþykkt og lagt til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa og kynna tillöguna skv. 41.gr. skipulagslaga.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að auglýsa og kynna tillögu að deiliskipulagi Bala, Stafnes Skv. 41.gr. skipulagslaga.

5. Bæjarráð - 181 - 2512012F

181. fundur dags. 11.12.2025.

Tóku til máls: MSM, ÁGÁ og EJP.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

5.1 2402091 - Félagsstarf eldri borgara

6. Bæjarráð - 182 - 2512023F

182. fundur dags. 7.1.2025.

Tóku til máls: AKG, SBJ, MSM. ÁGÁ, LE og EJP.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

6.1 2512050 - Sveitarfélagið Vogar - Samningar um félags-og fræðsluþjónustu

6.2 2512116 - Byggðakvóti

6.3 2406068 - Búsetuúrræði fyrir börn með fjölþættan vanda

6.4 2512137 - Samgönguáætlun 2026-2040

6.5 2401007 - Mennta- og barnamálaráðuneytið - samningur um fylgdarlaus börn

- 6.6 2512122 - Brunavarnir Suðurnesja bs - Samþykktir
- 6.7 2501097 - Fasteignafélagið Sunnubraut 4 - Fundargerðir

7. Ferða-, safna- og menningarráð - 38 - 2512016F

38. fundur 16.12.2025.

Tóku til máls: OKÁ og EJP.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

Bæjarstjórn óskar þeim sem hlutu viðurkenningar fyrir ljósa- og jólahús Suðurnesjabæjar 2025 ásamt þeim sem hlutu sérstakar viðurkenningar innilega til hamingju.

- 7.1 2512010 - Jóla og ljósaús - viðurkenningar.

8. Íþrótt- og tómstundaráð - 34 - 2512007F

34. fundur 10.12.2025.

Tók til máls: EJP.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

Bæjarstjórn óskar þeim sem voru tilnefndir til íþróttamanns ársins 2025 innilega til hamingju með tilnefningarnar. Sérstakar hamingjuóskir fær Salóme Kristín Róbertsdóttir sem var kjörin íþróttamaður Suðurnesjabæjar árið 2025. Þá óskar bæjarstjórn Sigríði Þórhöllu Þorleifsdóttur til hamingju með að íþrótt- og tómstundaráð fæði henni sérstaka viðurkenningu fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþrótt- og tómstundarmála í Suðurnesjabæ.

- 8.1 2511077 - Áskoranir og hvatning frá Sambandsþingi UMFÍ
- 8.2 2510692 - Íþróttamaður ársins 2025
- 8.3 2510693 - Sjálfboðaliði ársins 2025

9. Framkvæmda- og skipulagsráð - 70 - 2512014F

70. fundur 17.12.2025.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

- 9.1 2109110 - Deiliskipulag Ofan Garðvangs -Teiga- og Klappahverfi - Endurskoðun seinni hluta hverfis
- 9.2 2512082 - Bali, Stafnesi - Tillaga að deiliskipulagi
- 9.3 2512081 - Austurgarður 4 - Beiðni um umsögn um geymslustað ökutækja - Esja Car Rental ehf.
- 9.4 2512025 - Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040 - Auglýsing tillögu (Nýtt svæðisskipulag)
- 9.5 2505089 - Fjárhagsáætlun 2026-2029

10. Samband íslenskra sveitarfélaga - fundargerðir 2025 - 2502117

- a) 990. fundur stjórnar dags. 05.12.2025.

b) 991. fundur stjórnar dags. 12.12.2025.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

11. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum - fundargerðir 2025 - 2501046

818. fundur stjórnar dags. 10.12.2025.

Tóku til máls: AKG og EJP.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

12. Heilbrigðisnefnd Suðurnesja - fundargerðir 2025 - 2502011

321. fundur dags. 10.12.2025.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

13. Þekkingarsetur Suðurnesja fundargerðir 2025 - 2502131

58. fundur stjórnar dags. 04.12.2025.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

14. Brunavarnir Suðurnesja - fundargerðir 2025 - 2502134

97. fundur stjórnar dags. 18.12.2025

Afgreiðsla:

Lagt fram.

15. Kalka sorpeýðingarstöð - fundargerðir 2025 - 2501099

575. fundur stjórnar dags. 9.12.2025

Afgreiðsla:

Lagt fram.

Fundi slitið kl. 18:33.

Magnús Sigfús Magnússon

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir

Anton Kristinn Guðmundsson

Laufey Erlendsdóttir

Sigursveinn Bjarni Jónsson

Önundur S. Björnsson

Úrsúla María Guðjónsdóttir

Árni Gísli Árnason

